

Reykjavík, gegn Malbikun h/f, Suðurlandsbraut 6, Reykjavík, til greiðslu víxils að fjárhæð krónur 13.921.00, útgefins 10. ágúst 1967 af stefnanda og samþykkt af stefnda til greiðslu í Samvinnubanka Íslands h/f hér í bæ 10. september 1967, en á víxli þessum er útgefandi ábekingur.

Hefur stefnandi krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 13.921.00, með 1% mánaðarvöxtum frá gjalddaga hans 10. september 1967 til greiðsludags, kr. 60.00 í kostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Í 95. gr. laga nr. 85/1936 er tæmandi upptalning á þeim stöðum, þar sem stefnu má birta. Stefnumirting í máli þessu hefur ekki farið fram á neinum þeim stað, er fyrrgreind 95. gr. heimilar, og verður því af þeim sökum að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.

Föstudaginn 12. janúar 1968.

Nr. 2/1968. **Raf s/f**
 gegn
 Malbikun h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun. Birting stefnu.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. desember 1967, er barst dóminum 4. janúar 1968. Hann krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr

gildi felldur og að lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á sakarefni.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. desember 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. nóvember s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. nóv. s.l., af Raf s/f, Skúlatúni 4, Reykjavík, gegn Malbikun h/f, Suðurlandsbraut 6, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 16.628.64 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. 11. 1967 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati hins virðulega réttar.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera eftirstöðvar vegna vinnu á rafkerfum o. fl. í bifreiðum og jarðvinnslutækjum stefnda, sem stefnandi hafi unnið fyrir stefnda, ásamt varahluta-kaupum í því sambandi. Skuld þessi hafi eigi fengizt greidd þrátt fyrir greiðsluáskoranir.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing.

Samkvæmt stefnubirtingarvottorði er stefnan birt fyrir Ólafi Bergssyni á skrifstofu hans, Suðurlandsbraut 6, Reykjavík, og að hann hafi lofað að afhenda stefnda afrit af stefnunni, en stefndi hafi skrifstofu í sama húsi. Samkvæmt 95. gr. laga nr. 85 frá 1936 má birting fara fram, ef birta þarf félagi eða stofnun, á skrifstofu félags eða stofnunar. Þessa hefur ekki verið gætt, og ber því samkvæmt nefndri 95. grein að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.

Ólafur B. Árnason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.